

Þriðjudaginn 8. mars 1988.

Nr. 1/1988.

Alþýðusamband Íslands
v/Sjómannasambands Íslands
f.h. Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur

(Guðný Höskuldsdóttir hdl.)

gegn

Landssambandi ísl. útvegsmanna
f.h. Útvegsmannafélags Suðurnesja
v/Hópsness h/f, Grindavík

(Jónas Haraldsson hdl.).

Kjarasamningur. Helgarfrí. Sjómenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms fyrr í dag, er höfðað með stefnu birtri 17. janúar 1988.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, vegna Sjómannasambands Íslands, Borgartúni 20, Reykjavík, f.h. Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, Hafnargötu 9, Grindavík.

Stefndi er Landssamband ísl. útvegsmanna, Hafnarhvoli við Tryggvagötu, Reykjavík, f.h. Útvegsmannafélags Suðurnesja vegna Hópsness h/f, Verbraut 3, Grindavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi, útgerð Hópsness, GK-77, Hópsnes h/f, hafi brotið grein 3.08 í kjarasamningi aðila frá 15. janúar 1987 með því að virða ekki ákvæði samningsins um helgarfrí áhafnar.
2. Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu skv. grein 1.31, allt að fjárhæð kr. 150.000,00, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 15.3. 1987 til 1.4. 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1987, en hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. lög nr. 25/1987, er renni til stefnanda, Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur.
3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Til vara, að sektarfjárhæð, sem krafist, er verði lækkuð verulega.
3. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að stefndi, Hópsnes h/f hafi látið skip sitt, Hópsnes, GK-77, halda til veiða laugardaginn 14. mars 1987 kl. 9.45. Skipið hafi síðan komið aftur til hafnar kl. 11.00 sama dag. Daginn eftir, sunnudaginn 15. mars 1987, kl. 11.45, hafi skip stefnda síðan aftur látið úr höfn í róður. Skipið hafi því róið bæði laugardaginn 14. mars og sunnudaginn 15. mars 1987 og brotið með því ákvæði 3.08 í kjarasamningi stefnda og stefnanda frá 15. janúar 1987, þar sem segi m.a.:

„Á tímabilinu 1. janúar til 31. mars skulu sjómenn á netabátum hafa helgarfrí um hverja helgi, og skulu eftirfarandi sunnudagar vera frídagar: 2. og 4. sunnudagur janúar, 3. sunnudagur febrúar og 2. og 4. sunnudagur mars. Aðrar helgar skal frídagur vera laugardagur eða sunnudagur skv. ákvörðun skipstjóra eigi síðar en á föstudagskvöldi. Helgarfrí skal aldrei teljast minna en einn sólarhringur, eftir að allri vinnu við bátinn er lokið.“

Með því að stefndi hafi látið skip sitt róa báða dagana, 14. og 15. mars 1987, telji stefnandi augljóst, að um brot á ákvæði 3.08 í kjarasamningnum sé að ræða og að stefndi, útgerð Hópsnes, GK-77, beri ábyrgð á því broti. Skipstjórinn hafi tekið ákvörðun fyrir hönd útgerðarinnar og bindi útgerðina með ákvörðun sinni, og vísar stefnandi í því sambandi til 49. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og 13. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Stefnandi mótmælir því, að nokkur venja hafi myndast á Suðurnesjum um aðra framkvæmd á þessu samningsákvæði, og mótmælir skýrslu framkvæmdastjóra Útvegsmannafélags Suðurnesja, Halldórs Ibsens, í máli þessu sem rangri. Stefnandi vísar í ákvæði 1.31 í kjarasamningi aðila um sektargreiðslu vegna brota á samningnum.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Stefnandi, útgerð skipsins, sé ekki réttur aðili málsins, heldur skipstjóri skipsins, sem tekið hafi allar ákvarðanir um útivist skipsins og helgarfrí einn og sér án nokkurs samráðs við útgerðina. Forsenda

sekta í kjarasamningi sé sú, að samningsákvæðið sé brotið og að hinn brotlegi greiði sekt vegna brotsins. Hinn brotlegi, ef um brot sé að ræða, sé skipstjórinn, en ekki útgerðin. Útgerðin hafi þegar í apríl 1987 vísað þessu frá sér, vegna þess að fyrirtækið skipti sér ekkert af því, hvenær bátarnir rói. Skipstjórinn, Jens Óskarsson, hafi í skýrslu sinni hér fyrir dómi skýrt frá því, að hann hafi tekið allar ákvarðanir sjálfur, þar um hafi hvorki verið haft samráð við áhöfn né útgerð. Í máli þessu sé því sannað, að útgerðarmanninum hafi verið með öllu ókunnugt um ákvörðun skipstjórans varðandi helgarfrí, og með vísan til dóms Félagsdóms 31. janúar 1957 í dómasafni IV-160, þar sem dæmt sé með vísan til þess, að útgerðarmaðurinn vissi um áform formannsins að fara í róður, beri útgerðarmaðurinn í máli þessu ekki ábyrgð. Stefndi vísar og til lagaákvæða, þar sem skipstjórar og útgerð bera sameiginlega ábyrgð, t.d. í 4. gr. vökulaga nr. 53/1921 og 54/1956 og í 6. gr. laga nr. 20/1987.

Stefndi bendir í öðru lagi á það, að ekkert brot á ákvæði 3.08 hafi verið framið. Skipstjórinn hafi fullnægt ákvæði 3.08 með því að gefa skipverjum helgarfrí frá kl. 11.15 á laugardegi til kl. 12.00 á sunnudegi helgina 14.-15. mars 1987. Í 2. mgr. 3.08 segi, að helgarfrí skuli aldrei vera minna en einn sólarhringur, þ.e. 24 klst. Halldór Ibsen framkvæmdastjóri Útvegsmannafélags Suðurnesja hafi í skýrslu sinni lýst framkvæmd þessa ákvæðis. Algeng framkvæmd sé að miða við 24 tíma frí. Þetta fari síðan eftir mörgum þáttum og aðstæðum og mati á því, hvað eigi við hverju sinni. Sú venja hafi því skapast á Suðurnesjum, að skipshöfnin fái sitt 24 klukkustunda helgarfrí. Þetta hafi verið gert í því tilfalli, sem hér um ræði, þar sem helgarfrí hafi verið veitt frá kl. 11.15 á laugardegi 14. mars til kl. 12.00 á sunnudeginum 15. mars 1987.

III.

Í 1. mgr. ákvæðis 3.08 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna segir, að á tímabilinu 1. janúar til 31. mars skuli sjómenn á netabátum hafa helgarfrí um hverja helgi. Síðan segir, að eftirfarandi sunnudagar skuli vera frídagar: 2. og 4. sunnudagur janúar, 3. sunnudagur febrúar og 2. og 4. sunnudagur mars. Aðrar helgar skal frídagur vera laugardagur eða sunnudagur samkvæmt ákvörðun skipstjóra eigi síðar en á föstudagskvöldi.

Í 2. mgr. greinar 3.08 segir, að helgarfrí skuli aldrei teljast minna en einn sólarhringur, eftir að allri vinnu við bátinn er lokið.

Með samanburði á 1. og 2. mgr. ákvæðis 3.08 er ljóst, að helgarfrí skal vera heill dagur, sunnudagur eða laugardagur eftir atvikum, og ekki minna en einn sólarhringur. Skip stefnda, Hópsnes, GK-77, reri samkvæmt ákvörðun skipstjóra bæði laugardaginn 14. og sunnudaginn 15. mars 1987. Ber því að fallast á með stefnanda, að ákvæði 3.08 í kjarasamningi aðila hafi verið brotið, og telst útgerð skipsins bera ábyrgð á broti þessu. Verður stefnda, útgerð Hópsnes, GK-77, gert að greiða í sekt kr. 30.000,00 til stefnanda og kr. 20.000,00 í málskostnað, en vaxtakröfu stefnanda er hafnað.

D ó m s o r ð:

1. Stefndi, útgerð Hópsnes, GK-77, Hópsnes h/f, telst hafa brotið grein 3.08 í kjarasamningi aðila frá 15. janúar 1987 með því að virða ekki ákvæði sammingsins um helgarfrí áhafnar.
 2. Stefndi greiði kr. 30.000,00 í sekt, er renni í félagssjóð stefnanda, Sjómannna- og vélstjórafélags Grindavíkur.
 3. Stefndi greiði stefnanda kr. 20.000,00 í málskostnað.
- Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.